

**Nd.**

**389. Breytingartillaga**

**[94. mál]**

við brtt. á þskj. 382 [Iðnskólar].

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. lið Aftan við liðinn bætist:

Meðan eigi er komið upp báðum þeim skólum, sem hér er gert ráð fyrir, og heimavistum við þá, skal ráðherra heimilt að gera eða samþykkja eftirfarandi ráðstafanir:

1. Löggilda iðnskóla, sem nú eru starfandi, ef þeir fullnægja ákvæðum þessara laga, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

2. Leyfa rekstur iðnskóla sem sérstakrar deildar innan gagnfræðaskóla, enda sé þá svo til hagað, að fáar iðngreinar með allmörgum nemendum í hverri séu kenndar á viðkomandi stað, og tekið tillit til atvinnulegrar aðstöðu þeirra staða við val iðngreina.

Meðan þannig háttar skulu bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir greiða helming rekstrarkostnaðar slíkra skóla. Á meðan skal og ríkissjóður styrkja þá iðnfræðslu, er eigi kemur undir þessi lög, eins og verið hefur. Einnig er heimilt, að listiðnaðar-deildir handíða-, og myndlistaskólans í Reykjavík njóti sömu réttinda og iðnskóla-deild gagnfræðaskóla, að fullnægðum sömu skilyrðum.